

M-33/2015 Álit 17. apríl 2015

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. apríl 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-33/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 13. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Snýr ágreiningur aðila snýr að alferð sem álitsbeiðandi keypti af seljanda.

II

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um kaup á alferð, sbr. lög nr. 80/1994 um alferðir. Skv. 17. gr. þeirra laga hefur Neytendastofa eftirlit með framkvæmd laganna. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kærunefndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kærunefndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér. Álitsbeiðanda er hins vegar bent á að hann getur beint erindi sínu til Neytendastofu. Þá er einnig rétt að benda á að mál álitsbeiðanda gæti átt undir úrskurðarnefnd Samtaka ferðaþjónustunnar og Neytendasamtakanna, sem vistuð er hjá Neytendasamtökunum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir